




Reykjavík, 12. desember 2024
USK24110190

Langagerði 24 – Byggingarleyfisumsókn


Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. nóvember 2024 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteyptan bílskúr við einbýlishús á lóð nr. 24 við Langagerði.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Afstöðumynd



Útlit

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er Langagerði 24 í skilgreindri íbúabyggð.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir reitinn og eru byggingarleyfisumsóknir grenndarkynntar þegar við á. Hverfisskipulag er í vinnslu.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á fyrirhuguðum bílskúr á lóð nr 7 við Langagerði.

Hverfishlutinn, sem er hluti af Smáíbúðahverfinu, byggist að mestu upp á árunum 1950-1957. Fordæmi eru fyrir því að reisa bílskúra austan megin lóða í götunni þar sem húsnúmer eru á sléttri tölu.

Skv. tillögu er reiknað með að bílskúr verði um 31,4 fermetrar að stærð og staðsetning hans austan megin á lóðinni við lóðamörk, þó 2 metra frá nærliggjandi bílskúr við lóðamörk austan megin.

Gera þarf grein fyrir grenndaráhrifum eins og skuggavarp skv. töflu hér að neðan. Í þéttri byggð skal sýna skuggavarp fyrir og eftir fyrirhugaðar framkvæmdir.



Reykjavík



	Vetur 21/01	Jafndægur 21/03	Sumarsólstöður 21/06
07:00			
10:00			
13:00			
16:00			
19:00			
22:00			

Niðurstaða

- Ekki er gerði skipulagsleg athugasemd varðandi erindið.
- Byggingarleyfisumsókn þarf að grenndarkynna.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Britta Magdalena Ágústsdóttir

verkefnastjóri